

## Samkomulag varðandi rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Aðilar lýsa yfir vilja sínum til þess að vinna sameiginlega að endurskoðun samkomulags um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, frá 7. maí 2012, og framlengingu á gildistíma þess um 12 ár, til 2034.

Miðað verði við að árleg framlög til verkefnisins í tillögu ráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun verði að lágmarki óbreytt að raunvirði út tímabilið.

Þá verði í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða höfuðborgarsvæðisins horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu.


Endurskoðun samkomulags um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu verði lokið fyrir árslok 2020.

Reykjavík, 26. september 2019

F.h. ríkisins



forsætisráðherra



fjármála- og efnahagsráðherra




samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra


F.h. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu




borgarstjóri Reykjavíkurborgar



bæjarstjóri Kópavogsbæjar



bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar



bæjarstjóri Garðabæjar



bæjarstjóri Mosfellsbæjar



bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar